

# LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Hlíðasmára 8, 200 Kópavogur

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Erindi nr. B 120/1963  
komudagur 915 1996

Kópavogi 6. maí 1996  
SB/ga/46/96

## Athugasemdir stjórnar Læknafélags Íslands við frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Stjórn Læknafélags Íslands hefur skoðað og rætt frumvarp það sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

### I

Stjórn Læknafélags Íslands telur að ekki sé sanngjarnt og eðlilegt að gerð sé einhliða breyting á réttindum og skyldum ríkisstarfsmanna. Gildandi kjarasamningar starfsmanna ríkisins eru byggðir á lögnum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og því taka kjör starfsmanna ríkisins mið af þeim réttindum og skyldum sem löggin kveða á um. Nægir að nefna að löggin hafa skapað starfsmönnum ríkisins starfsöryggi umfram aðra og réttindi meðal annars til launa í veikindum og til eftirlauna sem talin hafa verið ígildi betri launakjara. Í núgildandi lögum er kveðið á um rétt til biðlauna, réttindi vegna veikinda um fæðingarorlof, sem og margvísleg áunnin viðbótarkjör eftir starfslengd og starfshæfni og að gerðir séu ráðningarsamningar og að störf skuli auglýst. Þá er starfsmönnum ríkisins gefið tækifæri jafnan til þess að bæta ráð sitt hafi þeir eigi skilað starfi sínu fullnægjandi að mati yfirmanns og fengið þar um skriflega áminningu. Hér eru aðeins fá atriði nefnd úr lögnum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna til þess þó að benda á að fráleitt er með öllu og óviðeigandi að gera einhliða breytingar á réttindum og skyldum en hafa um leið að engu ákvæði gildandi kjarasamninga og breyta þeim hvergi enda þótt þessi ákvæði byggja á lögnum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og séu þannig kjaratengd.

Vegna þessa telur stjórn Læknafélags Íslands að breytingar þær sem fyrirhugaðar eru í núverandi frumvarpi á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins eigi ekki að lögfesta nema áður hafi verið gengið frá atriðum í kjarasamningum sem til þessa hafa verið tengd nefndum lögum. Augljóslega verða þessar breytingar á kjarasamningum ekki gerðar nema tvíhliða, það er með samningum við stéttarfélög starfsmanna ríkisins. Stjórn Læknafélags Íslands hlítur að áréttu að slíkir samningar verði þegar í stað teknir upp og frá þeim gengið áður en kemur til samþykktar hins nýja frumvarps sé ætlunin að samþykkja það óbreytt frá núverandi mynd.

Einnig verður í þessu samhengi að benda á að með samningum yrði að samræma stöðu og réttindi og skyldur allra þeirra sem vinna í þjónustu ríkisins, en sumir hverjir hafa hingað til unnið þar eftir ákvæðum annarra kjarasamninga en opinberra starfsmanna og þar með verið settir undir aðrar reglur um réttindi og skyldur en opinberir starfsmenn.

### II

22. grein frumvarpsins kveður á um hverjir skuli teljast embættismenn og samkvæmt 39. grein frumvarpsins skulu laun og öll kjör embættismanna ákveðin af kjaranefnd.

Stór hluti íslenskra lækna það er starfandi sérfræðingar á ýmsum stofnunum sem og heimilislæknar utan heilsugæslustöðva eru ekki starfsmenn ríkisins eftir skilgreiningu laga þar um og njóta því ekki réttinda starfsmanna ríkisins samkvæmt gildandi lögum né heildur hvíla þá á þeim skyldur opinberra starfsmanna nákvæmlega eins og löggin kveða á um. Hvoru tveggja kann þó að eiga við og reynslan hefur sýnt að getur átt við með löggjöfnun þegar við á. Hins vegar er annar

hópur lækna og hann verulega fjölmennur sem eru fastráðnir opinberir starfsmenn og falla réttindi og skyldur þeirra alfarið undir löginn sem slík. Hér skulu nefndir landlæknir, aðstoðarlandlæknir, tryggingaryfirlæknir, tryggingalæknar og yfirlæknar (forstöðulæknar) sérstakra stofnana eða deilda. Þegar störf þessarar lækna eru höfð í huga og borin saman við eðli starfa þeirra sem eftir hinu nýja frumvarpi skulu teljast embættismenn hlýtur stjórn Læknafélags Íslands að benda á að rétt virðist vera að þessir læknar skuli teljast embættismenn jafnramt og kjaranefnd ákveða laun þeirra og önnur kjör samkvæmt 39. grein frumvarpsins. Sama kann að gilda um héraðslækna, sem allir eru skipaðir til starfa og heilsugæslulækna, sem margir hverjir eru skipaðir í stöður. Sérstaða þeirra kemur þó fram í mikilli vinnuskyldu í formi vakta.

Þeir læknar sem upp hafa verið taldir gegna störfum þannig að þeir hafa engan raunhæfan rétt til aðgerða ef nauðsynlegar sýnast vera til að ná fram eðlilegum kjörum. Er það ljósast af stöðu kjaramála þeirra nú í dag. Sú staða endurspeglar einnig nauðsyn þess að sérstakar matsreglur liggja fyrir hjá samningsaðilum þannig að einhver eðlileg samræming sé í kjarauppbyggingu meðal þegna landsins.

### III

Stjórn Læknafélags Íslands leggst ekki gegn því sem segir í annari málsgrein níundu greinar frumvarpsins að forstöðumaður geti á grundvelli eigin mats ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum laun til viðbótar grunnlaunum. Þá leggst stjórn Læknafélags Íslands heldur ekki gegn því að ákveðnari ákvæði séu um ráðningu og lok hennar.

Hins vegar bendir stjórn Læknafélags Íslands á í sambandi við ofanskráð atriði að nauðsynlegt er að um þau gildi fastmótaðar reglur sem komið geti til endurskoðunar hverju sinni í kjarasamningum og að reglur þessar verði til með samningum milli hins opinbera og einstakra samtaka opinberra starfsmanna. Stjórn Læknafélags Íslands getur ekki fallist á einhliða reglugerð hins opinbera um ákvörðun viðbótarlauna og um ráðningu starfsmanns og lok hennar. Þá telur stjórn Læknafélags Íslands eðlilegt og sjálfsagt að stéttarfélag hafi fulla vitneskju um viðbótarlaunakjör félaga sinna en nú eru slík viðbótarlaunakjör verulega algeng, en leynt er upplýsingum um þau meðal annars til stéttarfélaga og skapar það óvild að nauðsynjalausu og óróa á vinnumarkaði.

### IV

Í 2. málsgrein 47. greinar frumvarpsins segir að ef starfsmaður kýs að standa utan stéttarfélags þá skuli hann njóta sömu launa og launakjara og samið hafi verið í kjarasamningum fyrir sambærileg störf. Stjórn Læknafélags Íslands leggst ekki gegn þessu ákvæði en bendir á nauðsyn þess að svo sé gengið frá ákvæðunum í lögnum að sá hinn sami sem svo nýtur kjara sem stéttarfélag hefur samið um þótt hann standi sjálfur utan þess skuli greiða til þess stéttarfélags stéttarfélagsgjald að fullu eða að hluta. Annað hlýtur að teljast með öllu óboðlegt og óviðeigandi í lögum svo siðlaust sem slíkt væri að njóta eingöngu árangursins af starfi annarra en taka engan þátt í því sem til hans var kostað.

Ekki er sýnt fram á hvorki í frumvarpi þessu eða annars staðar að grundvöllur stéttarfélaga sé brostinn. Áfram er það eitt af grundvallarréttindum í þjóðfélaginu að mynda stéttarfélög og beita samtakamætti til að tryggja kaup og kjör.

Að lokun hlýtur svo stjórn Læknafélags Íslands að ganga út frá því að hið háa Alþingi búi svo um hnútana að frumvarp þetta um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði svo afgreitt í endanlegri mynd að það brjóti hvergi í bága við alþjóðasamþykktir og alþjóðlega samninga sem Íslendingar eru aðilar að og snerta efni það sem margnefnt frumvarp fjallar um.

Virðingafyllst

*e. n.*

*Sveinur Bergmann, formaður*  
Sveinur Bergmann  
formaður